



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 15. apríl 2015 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Inga Rós Sævarsdóttir, Steindór R. Haraldsson og Magnús B. Jónsson.

Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi sat fundinn undir 7. dagskrárlið.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Bjarmanes

Fyrir fundinum lá umsókn Önnu Grétu Eyþórsdóttur sem sækir um að taka kaffihúsið Bjarmanes á leigu skv. auglýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins og í dagblöðum í byrjun mars. Í umsókn kemur fram að gert sé ráð fyrir að kaffihúsið verði rekið í samstarfi við veitingahúsið Borgina. Einnig er lýst helstu hugmyndum um hvernig kaffihúsið verði rekið og hvaða menningarhlutverki það gæti sinnt.

Sveitarstjórn ræddi erindið og samþykkti að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við umsækjanda um leigu á húsinu.

2. Gjaldskrá sorphirðu

Fyrir fundinum lá tillaga að gjaldskrá fyrir sorphirðu og móttöku úrgangs á Skagaströnd þar sem fram kemur hver eru sorphirðu- og eyðingargjöld á fasteignir og gjaldskrá Endurvinnslustöðvar á Skagaströnd. Meðfylgjandi gjaldskrártillögu var móttökuseðill fyrir endurvinnslustöð og gámostæði.

Sveitarstjórn samþykkti gjaldskrána og fól sveitarstjóra að senda hana til heilbrigðiseftirlits til umsagnar. Sveitarstjóra falið að auglýsa gjaldskrá endurvinnslustöðvar og koma innheimtu á móttöku úrgangs í betra horf.

3. Samgönguáætlun 2015-2018

Sveitarstjórn tók til umræðu fyrirbyggjandi tölvubréf frá Siglingasviði Vegagerðarinnar þar sem drög að samgönguáætlun 2015-2018 er kynnt og óskað eftir afstöðu sveitarstjórnar til að endurbygging Ásgarðs verði sett inn í áætlunina og hvort fjármögnun hafnarsjóðs sé tryggð í framkvæmdinni. Áætlaður heildarkostnaður án vsk. er 274,5 milljónir og þar af er hlutur hafnar 25% eða samtals 68,6 milljónir.

Sveitarstjórn samþykkti að óska eftir að framkvæmdin væri inni í samgönguáætlun og staðfesti að kostnaðarhlutur hafnar væri tryggður.

4. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga / dagskrá

Fyrir fundinum lá dagskrá Landsþingsins sem haldið verður 17. apríl nk. í Salnum, Kópavogi. Meðfylgjandi fundardagskrá var bréf til stjórnar Sambandsins frá Sigrúnu H.



Pálsdóttur, atriði úr stefnumörkun Sambandsins og boð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem haldinn verður sama dag.
Dagskráin og fylgigögn voru til kynningar.

5. Bréf:

a. Ráðgjafafyrirtækisins Ráðrík ehf, dags. 24. mars 2015

Með bréfinu er kynnt stofnun ráðgjafafyrirtækisins og að ráðgjöf þeiss beinist einkum að sveitarfélögum í ljósi reynslu þeirra sem eiga og reka fyrirtækið.
Bréfið var til kynningar.

b. Karlakórs Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 1. apríl 2015

Með bréfinu bjóða kórfélagar til afmælisfagnaðar í Húnaveri 22. apríl 2015.
Bréfið var til kynningar

c. Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélag, dags. 18. mars 2015

Með bréfinu óskar EFS eftir frekari upplýsingum frá sveitarstjórn um framtíðarrekstur sveitarfélagsins með vísan til þess að áætluð niðurstaða A-hluta sveitarsjóðs verði neikvæð árin 2015-2018 samkvæmt fjárhagsáætlun.
Fyrir fundinum lágu einnig drög að svarbréfi sem sveitarstjóri hafði samið.
Málið var til kynningar og sveitarstjóra falið að svara bréfinu samkvæmt því sem þar kom fram og umræðu á fundinum.

d. Sóknarnefndar Hólaneskirkju, dags. 28. mars 2015

Með bréfinu óskar formaður sóknarnefndar Lárus Ægir Guðmundsson eftir að kirkjan fái notið stuðnings til ofnakaupa vegna lagningar hitaveitu í húsið. Steindór lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið.
Samþykkt með þremur atkvæðum gegn einu að gera það frávik frá samþykkt sveitarstjórnar um kostnaðarþátttöku vegna hitaveituvæðingar að Hólaneskirkja geti fengið styrk til ofnakaupa samkvæmt þeim reglum sem þar eru skilgreindar.

e. Bjarna G. Stefánssonar, sýslumanns, dags. 25. mars 2015

Með tölvubréfi óskar sýslumaður fyrir sína hönd og Páls Björnssonar, lögreglustjóra á Norðurlandi vestra eftir að hitta sveitarstjórnir í umdæminu og kynna helstu breytingar og áhersluatriði við aðskilnað verkefna sýslumanna- og lögreglustjóraembættanna og landfræðilega sameiningu þeirra á Norðurlandi vestra.
Málið var til kynningar.

6. Fundargerðir:

a. Tómstunda og menningarmálanefndar, 31.03.2015

Fundargerðin var til kynningar



- b. Stjórnar Róta bs. 24.02.2015
Fundargerðin var til kynningar
- c. Upplýsinga- og kynningarfundar um málefni fatlaðs fólks. 11.03.2014
Fundargerðin var til kynningar.
- d. Stjórnar Róta bs. 31.03.2015
Fundargerðin var til kynningar
- e. Stjórnar Sambands ísl. sveitarf., 27.03.2015
Fundargerðin var til kynningar
- a. Stjórnar SSNV, 31.03.2015
Fundargerðin var til kynningar

7. Ársreikningur 2014 (fyrri umræða)

Fyrir fundinum lá ársreikningur 2014 til fyrri umræðu. Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi kynnti endurskoðun á ársreikningi bæði A-hluta og samstæðu sveitarfélagsins og fór yfir helstu niðurstöður og lykiltölur. Hann kynnti einnig samanburð við fjárhagsáætlun ársins.

Hann lagði fram og kynnti endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2014.

Fyrir fundinum lá bréf skoðunarmanna sveitarfélagsins dags. 7. apríl 2015.

Ársreikningur, endurskoðunarskýrsla og bréf skoðunarmanna voru til umræðu og fengu sveitarstjórnarmenn skýringar við því sem þeir höfðu spurningar um. Ársreikningi var vísað til annarrar umræðu.

8. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 10.30

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson